

Alþingi

Erindi nr. P 135/1501

komudagur 21.2.2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, utanríkismálanefnd
vt. Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2008 02-2008020108
T-ums 01/08

Umsögn um frumvarp til varnarmálalaga - 331. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 8. febrúar 2008 mótttekið bréf yðar dagsett 7. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til varnarmálalaga, 331. mál.

Í VIII. kafla frumvarpsins, 21. gr. kemur m.a. fram í 1. mgr. að öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupa á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Þá kemur fram í 2. mgr. að Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, herlið Bandaríkjanna og liðsaflí skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 72/2007 njóti hérlandis undanþágu frá greiðslu skatta, gjalda og tolla með þeim hætti sem greint er í 7. og 8. gr. viðbættis við lög nr. 110/1951, sbr. og 48. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í athugasemdum við þetta ákvæði kemur fram að verið sé að áréttu þær skatt- og tollundunþágur sem Ísland hefur á grundvelli þjóðréttarsamninga, skuldbundið sig til að veita. Samkvæmt þessu er ekki verið að gera breytingar á þeim skattundunþágum sem hafa verið í gildi fram til þessa. Ríkisskattstjóri gerir því ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins en áréttar að skattyfirvöld hafa eftir sem áður heimildir til að kanna hvort skilyrði skattundunþágu séu fyrir hendi.

Virðingarfyllt

f. h. ríkisskattstjóra



Guðrún J. Jónsdóttir